
MINNISBLAÐ

TIL: SVEITARSTJÓRNAR**EFNI / TILEFNI: SKÝRSLA SVEITARSTJÓRA – APRÍL.****DAGSETNING: 8. MARS. 2019**

Fundur með Marigot.

Sveitarstjóri, ásamt oddvita og byggingarfulltrúa hittu forsvarsmenn Marigot group, eigendur Íslenska kalkþörungafélagsins og Djúpalks, á fundi miðvikudaginn 10. apríl. Farið var yfir stöðu mála í verkefninu.

Úrsagnir úr sveitarstjórn Súðavíkurhrepps.

Samúel Kristjánsson hefur tilkynnt sveitarstjórn, í tölvupósti þann 20. mars, að hann hyggist segja sig frá kjörnum störfum í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps á næsta fundi sveitarstjórnar, að óbreyttu. Ástæða úrsagnar er tölvupóstur frá félagsmálafulltrúa. Hann hyggst gera frekari grein fyrir málinu á fundinum.

Guðbjörg Bergmundsdóttir hefur tilkynnt sveitarstjórn, í tölvupósti þann 2. apríl að hún hyggist segja sig frá kjörnum störfum í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps á næsta fundi sveitarstjórnar, eftir sveitarstjórnarfundinn 12. apríl. Ástæða úrsagnar er búferlaflutningar.

Næstu varamenn fyrir þessa kjörnu fulltrúa eru Örn Elías Guðmundsson og Elín Gylfadóttir.

Ársreikningur 2018

Ráðgert er að taka fyrri umræðu ársreikninga sveitarfélagsins 15. maí. Seinni umræða getur þá farið fram tveimur vikum seinna, eða á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Heimsókn þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins vísiteraði vestfirði í mars. Þingflokkurinn kom í heimsókn til Súðavíkur föstudaginn 29. mars og fékk kynningu á verkefnum sveitarfélagsins.

Fyrsti fundur framkvæmdaráðs Earthcheck.

Fyrsti fundur framkvæmdráðs Earthcheck verkefnisins verður 16. Apríl. Sveitarstjóri mun sitja fundinn. Dagskrá fundarins verður eftirfarandi:

1. Kynning á verkefninu Umhverfissvottun Vestfjarða fyrir nýja aðila
2. Plastpokalausir vestfirðir – áframhald mótun.
3. Grænt teymi.
4. Stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum
5. Farið yfir framkvæmdaráætlun 2019-2024
6. Fjallað um Laga og reglugerðasafn og áhættumat
7. Skilgreining á verkefninu Umhverfissvottaðir Vestfirðir
8. Önnur mál

Ársfundadagur Vestfjarðastofu.

Vestfjarðastofa, Fjórðungssamband Vestfirðinga, Náttúrustofa Vestfjarða og Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks til ársfundardags föstudaginn 10 maí 2019.. Með því að sameinast í einn ársfundardag eru stofnanirnar að gera sveitarstjórnarmönnum auðveldara fyrir að taka þátt í afgreiðslu mála allrar stofnana og fá upplýsingar varðandi ársreikninga og ársuppgjör.

Sveitarstjórskipti

Sveitastjórskipti verða við enda mánaðarins. Sveitarstjóri hefur haft samband við Braga Thoroddsen varðandi samfylgd og skipti. Ráðgert er að 29. og 30. apríl verði notaðir í þessi skipti.

Súðavík 7. mars. 2019



sveitarstjóri